

## Íslenskt mál

Umsjónarmaður Gísli Jónsson

470. þáttur

Gagnstæðistengingun en er í hættu. Sigurður skólameistari nefndi hana „gáfaðasta orð tungunnar“. Við skulum bregðast við hart, henni til varnar.

Nú skal sýna dæmi þeirrar hættu sem ég nefndi í upphafi. Því miður er úr miklu að móða í fréttum, einkum þegar sagt er frá úrslitum kappleikja, kosninga og skoðanakannana. En ekki aðeins þá. Dæmi eitt (úr texta undir mynd í blaði): „Þegar upp var staðið hafði KA betur í 1. deildinni og lenti í 4. sæti á meðan Þórsarar urðu að sætta sig við 6. sætið.“

Ljótt er. Þarna á auðvitað að vera en, ekki „á meðan“, þegar sagt er frá þeim gagnstæðum sem eru sín hvoru megin við tenginguna. Tókuð þið svo ekki eftir hinu: „Þegar upp var staðið“? Ætli knattspyrnumenn 1. deildar hafi leikið sprótt sína liggjandi?

Dæmi tvö: „Alls búa nú 14.197 manns í Hafnarfirði á meðan íbúar Akureyrar eru 13.969 að tölu.“

Sama málheltin aftur; „á meðan“ skal það vera, ekki hin gamla og góða gagnstæðistengingun. Og hvornig skyldi standa á þessu? Þetta er til komið fyrir ensk áhrif á menn sem sýnast vera jafnvondir í ensku og íslensku. Fer nú að vandast málið, ef fyrst þarf að kenna mönnum ensku til þess að íslenska þeirra geti orðið skammlaus.

Margir vita að while í ensku hefur aðalmerkinguna „á meðan“: Summer is pleasant while it lasts, en það útleggst: Sumarið er skemmtilegt, (á) meðan það varir. En while er ekki aðeins tíðartenging í ensku, heldur líka aðaltenging, gagnstæðistenging, og þá á auðvitað að þýða það með en á íslensku: The elder son had a gift for the arts,

while the younger preferred sports = eldri sonurinn hafði listahæfileika, en hinn yngri kaus heldur spróttir.

Nú heiti ég á ykkur öll, og einkum fréttamenn, að slá skjaldborg um gagnstæðistenginguna en og láta ekki þá, sem vöndir eru í ensku og líkja þó eftir því máli, rýma henni burtu með málgjöpum sínum. Það væru dapurleg örlög „gáfaðasta orðs tungunnar“.

En af hverju skyldi Sigurður Guðmundsson hafa kallað en þessu viðhafnarmikla nafni? Ég ætla ekki að svara því beint, en biðja ykkur, ef ykkur finnst þið ekki vita svarið, að gaumgæfa kvæðið Á Glæsivöllum eftir Grím Thomsen. Út frá því kvæði kom nafngift Sigurðar skólameistara, því að sérhvert erindi kvæðisins klofnar um gagnstæðistenginguna en. Framan við hjá Grími er það sem sýnist, en aftan við það sem er. Ég tek hér aðeins eitt erindi sem glöggd dæmi þessa. Það er lærdómsríkt að kryfja til mergjar:

Áfengt er mungatið  
og mjóðurinn er forn,  
mögnuð drykkjarhorn,  
en óminnishegri og illra hótá norn  
undir niðri í stiklumum þruma.

★

Forliðurinn Hún- í mannanöfnum var býsna algengur að fornu, auk þess sem Húnn og Húni koma fyrir ósamsett.

Þessar samsetningar veit ég um: Húnbjörg, Húnbjörn, Húnbogi, Húnfastur, Húngerður, Húnjótur (ljótur = hjartur í mannanöfnum, sbr. ljós, e. light) Húnólfur, Hún-röður, Húnsteinn, Húnvör, Húnjófur (þjófur í mannan. =þjónn, sbr. þjá og þý).

Þá voru í gamalli dönsku: Hunkil, Hunlef, Hunwarth og Hunwith (sum þeirra komin úr þýsku). Þessi nöfn væru á

íslensku: Húnkell, Húnleifur, Húnvarður og Húnviður.

Af tíðleika þessa forliðar finnst mér eðlilegast að hafna báðum þeim skýringum sem oftast sjást, að þessi nöfn séu annaðhvort af þjóðarheitinu Húnnar (hvornig svo sem á því stendur) eða af húnn = bjarnarungi eða ungvíði yfirleitt. Próffessor Assar Jánzén hefur sett fram þá tilgátu að Hún- gæti verið af frumgermanska orðstofninum hún- sem getur táknad hæð eða styrkleika. Á þessa tilgátu finnst mér rétt að fallast. Sbr. einnig kenningar sr. Jóns á Stafafelli sem leiddi rök að því, að í þessum nafngiftum fælist stærðar- eða styrkleikamerking (Safn til sögu Íslands, þriðja bindi, 620).

Húnbjörg er þá „sterk björg, áhrifamikil bjargvættur“. Það væri gott valkyrjuheiti á rýsjóttri víkingaöld.

Á Íslandi voru Húnbjargir tvær 1703, fjórar 1801, sjö 1845, sjö 1855, ein 1910. Ein var skírð Húnbjörg á tímabilinu 1921-50, ein er í þjóðskránni 1982. Í fæðingarargöngunum 1982 og 1985 var engin mæð skírð svo.

Húngerður var enn sjaldgæfara. Það var horfið 1845 og virðist ekki hafa verið endurnýjað.


Húnbjörn hét einn landi okkar 1703. Síðan hvarf það nafn. Húnbogi var lengi vel enginn, en kom upp aftur á síðari öldum. Voru tveir 1910, einn skírður svo 21-50, a.m.k. fjórir í þjóðskrá 1982 og einn skírður svo af sveinum sem fæddust 1985.

Fellur svo „húntal“ að sinni.

★

Áslákur austan kvað:

Hún Jóna var breyskynd og brotleg,  
eftir böll var hún stundum hálfrotleg,  
úfn og þorslát,  
og ónýtt við kostát,  
en sjaldan beint kindar- né kotleg.



Kari Stiansen, Svart nr. 5, 1987. Kveiling. 210x285 cm.

Fimmti veflistar-  
þríæringurinn

## Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Það er mikil sýning, sem Kjarvalsstaðir hýsa um þessar mundir í báðum aðalsölum þeirra og meginhluta annars rýmis listahússins. Er hér í fimmta skipti á ferð hinn svonefndi Norræni veflistarþríæringur eða Textilþríæringur, svo sem flestir nefna fyrirbærið. En með sanni fer fyrirtækið að ganga sér til húðar, ef svo heldur fram, því að margt af því, sem getur að líta á sýningunni, hefur næsta lítið með hugtakið vefjarlist að gera, a.m.k. svo sem menn hafa skilið það til þessa.

Þykir mér sem fleiri listamönnum, sem ég hef tekið tali, að annað tveggja verði viðkomandi að halda sér innan hins afmarkaða ramma hugtaksins eða finna þríæringnum annað heiti í samræmi við breytt stefnumörk.

Þetta er þáttakendum mörgum hverjum vel ljóst, svo sem fram kemur í viðtölum, enda eru þegar uppi raddir um að breyta nafninu í samræmi við hin nýju viðhorf og vinnubrögð, sem iðulega hafa ekki þar með vef að gera. Sverja sig frekar í ætt við flestar aðrar greinar myndlistar og þá jafnvel hugmyndafræðilega list. Og af hverju mega verkin ekki vera eldri en tveggja ára á þríæringi? Þýðir það ekki að eitt ár verði útundan? Fer þá málið að vandast því að hér er einmitt jafnan um yfirlit síðustu þriggja ára að ræða svo sem nafnið vísar til.

Sú spurning er og einnig áleitin, hvort hinar feikna duglegu og atorkusömu konur séu hér í raun að ganga inn um bakdyrnar að öðrum listgreinum. Í öllu falli sjáum við hér hluti, sem áður hafa sést á flestum tegundum myndlistarsýninga — frá

skúlptúr og lágmyndum til pop- og op-, loft- og gólf-listar og jafnvel málverks og leirlistar með heimikla hugmyndafræði í bland.

Það væri kannski í lagi, ef úrskrandi frumkraftur og orka væru með í leiknum, sem því miður er sjaldnast að heilsa, heldur virðist hér um að ræða víðtæka tilraunastarfsemi, sem hefur tekið stefnuna burt frá hinum náttúrulega veg til alls konar gerviefna nútímans svo og forma núlita og er hér stíft sótt í smíðu annarra og iðulega heimskunnra myndlistarmanna.

Í öllu falli eru flest formin á sýningunni manni góðkunn og eina viðbótin eru oftast efnid og vinnubrögðin. Og einhvern veginn virkar þetta svo vélrænt og tilbúið og langt frá upprunans æð.

Iðulega er í umfjöllun um listir vitnað til gamalla sanninda þess efnis, að hið mesta, sem sérhver listamaður geti höndlað, sé upprunaleiki í tálkun sinni, og gildir þá einu, hvaða listgrein hann stundar. Það er þá átt við, að ekki sjáist hinn minnsti vottur einhvers tilbúins og fyrirfram ákveðins. Heldur náttúruleikinn í sinni eðlilegustu mynd.

Við sáum einmitt dæmi þessa í sjónvarpinu sl. sunnudag, er Vladimir Horowitz lék á flygil sinn í Moskvu. Hér var hin fullkomna einbeitin listamannsins og samsemd við miðil sinn nægilegt til að láta hrifast. Hjalparáhrif, brögð og bægslagangur ekki til. Eiginlega helgistund nú á tímum að sjá slíkan listamann að störfum... — En nú skal þetta ekki misskið þvi að sá er hér ritar er einmitt mjög hrifinn af blandaðri tækni og hvers konar tilraunum í myndlistum, en það er allt annað mál...

Það er norræna listamiðstöðin í Svíavirki (Sveaborg), sem hefur veg

## Fyrirlestur um uppgröftinn í Jórvík

ELIZABETH Hartley, yfirforleifafraeðingur við Yorkshire Museum í Jórvík (York), heldur fyrirlestur í Norræna húsinu,

sunnudaginn 15. janúar kl. 17.00, um uppgröftinn í Jórvík. Fyrirlesturinn er haldinn í tengslum við sýninguna „Vikingar

í Jórvík og Vesturheimi“, sem opnuð verður í Norræna húsinu og Þjóðminjasafninu, laugardaginn 21. janúar.

Lífklega leikur Íslendingum mest forvitni á að kynna vikingabænum Jórvík, sökum þess hve saga hans er samofin örlögum sögufrægra landa okkar.

Þar orti Egill Höfuðlausn við hirið Eiríks blóðaxar. Saga Jórvíkur er þó miklu lengri, nær allt frá tímum Rómverja, fram um miðaldir og til vorra daga. Það sem mesta athygli hefur þó vakið af því sem fundist hefur eru ríkulegar minjar frá víkingatímanum.

Fyrirlestur Elizabeth Hartley, sem haldinn er á ensku, heitir „The Archeology of York“ og er eins konar inngangur að þessari mestu víkingasýningu sem hér hefur verið haldin.

Flestir gripanna á sýningunni hafa einmitt fundist í uppgreftinum í Jórvík. Elizabeth Hartley kemur hingað með á annað hundrad gripa í farteskini, sem sumir hverjir eru einstakir í sinni röð og vart metanlegir til fjár. Hún mun aðstoða við uppsetningu sýningarinnar og vera hér við opnun hennar.

Fyrirlesturinn er eins og fyrr segir kl. 17.00 á sunnudag í Norræna húsinu. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

(Fréttatilkynning)

21150 - 21370 LÁRUS P. VALDIMARSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI  
LÁRUS BJARNASON HDL. LOGG. FASTEIGNASALI

Á markaðinn eru að koma meðal annarra eigna:

## Endurnýjuð þakhæð í Laugardal

rétt við Sundlaugarnar nánar tiltekið 4ra herb. rúmir 100 fm. 3 góð svefnherb. (geta verið 4). Mikil endurný. (gler, gluggar, svalahurð, parket o.fl.) Danfoss kerfi. Góðar sólsv. Geymslur fylgir. Sanngjarnt verð.

## Stór og góð við Álfheima

4ra herb. sólrík íb. á 4. hæð 107,4 fm. Nýtt gler. 4 ára innr. í eldh. og baði. Þarfnast máln. Rúmg. íbherb. í kj. Góð lán fylgja.

## Endurbýggð með stórum bílsk.

neðri hæð 3ja herb. á vinsælum stað á Melunum ekki stór. Vel skipulögð. Allar innr. og tæki ný og vönduð. Þriðhús. Góður bílsk. 33,8 fm. Góð lán fylgja. Laus 1. apríl nk.

## Gott steinhús — tvær íb.

í Vogunum nánar tiltekið efri hæð 90 fm með 3ja-4ra herb. íb. og sólsv. Neðri hæð 113 fm með glæsíl. 4ra herb. íb. Kj. 113 fm með innb. bílsk., þvottah., geymslum og góðu vinnuþl. Mikil af innr. og tækjum er nýtt. Ræktuð lóð. Mikil og góð lán fylgja.

## Ódýr íb. í gamla bænum

lítil, samp. 2ja herb. kjöb. v/Lindagötu. Nýtt þak o.fl. Stór og góð eignarlóð. Góð lán um kr. 1,0 millj. Verð aðeins kr. 2,3 millj.

## Vegna flutnings til borgarinnar

óskar traustur kaupandi eftir einbhúsi um 200 fm sem næst Borgarspítalanum. Neðra-Breiðh. og Árbæjarhv. koma til greina. Nánari uppl. trúnaðarmál.

Opíð í dag laugardag  
kl. 10.00-16.00.  
Fjöldi fjársterkra kaupenda.

**ALMENNA**  
**FASTEIGNASALAN**  
LAUGAVEGI 18 SÍMAR 21150 - 21370

Ribsberjavín og  
Vínland hið góða

Blaðinu hefur borist eftirfarandi bréf frá Hinrik Guðmundssyni verkfræðingi:

Í Lesbók Morgunblaðsins 7. þ.m. og í blaðinu 11. þ.m. er rætt um vínber og Vínland hið góða, sem Leifur heppni nefndi svo á sinni tíð. Af þessu tilefni sendi ég yður hjálaga ljósrít úr bók minni Áfengir drykkir, sem ég lét í bókabúðir í byrjun desember sl. Þar lýsi ég minni skoðun á þessu máli í umfjölluninni um ribsberjavín. Fróðleikinn fann ég austur í Finnlandi fyrir allmörgum árum í samtölum mínum við sænsku-mælandi verkfræðinga.

## Ribsberjavín

Ribsber heita vínber á sænsku, nánar tiltekið rauð vínber (röda vinnbär), og hafa heitið svo frá ómunatíð þar í landi og a.m.k. austur til Finnlands. Ekki er ástæða til að ætla, að þessi ber hafi heitið einhverju öðru nafni í Noregi á landnámsöld, þar sem þá var ein tunga töluð um öll Norðurlönd og víðar. Ribsberin fengu nafnið vínber á þessum slóðum vegna þess, að þau voru notuð til vinnbruggunar í heimahúsum og er svo enn. Í Færeyjum, á Íslandi og Grænlandi vaxa ekki ribsberjarunnar af sjálfu sér og því var þar engin vínber að fá